

AUGLÝSING

um staðfestingu reglugerðar fyrir Tónlistarskóla Húnaþings vestra.

1. gr.

Með vísan til 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, staðfestist hér með reglugerð fyrir Tónlistarskóla Húnaþings vestra, sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra hinn 8. október 2020 og birtist sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 18. febrúar 2021.

Lilja D. Alfreðsdóttir.

Páll Magnússon.

Fylgiskjal.

REGLUGERÐ

fyrir Tónlistarskóla Húnaþings vestra.

1. gr.

Skólinn heitir Tónlistarskóli Húnaþings vestra. Skólinn er í eigu Húnaþings vestra og fer sveitarstjórn Húnaþings vestra með yfirstjórn hans. Skólinn starfar skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 með síðari breytingum. Starfssvæði hans er sveitarfélagið Húnaþing vestra.

2. gr.

Hlutverk og meginmarkmið skólans er að efla hæfni, þekkingu og þroska nemenda og stuðla að öflugu tónlistarlífi í Húnaþingi vestra. Kennsluáðferðir og viðfangsefni skulu vera í samræmi við gildandi aðalnámskrá og skólanámskrá hverju sinni.

3. gr.

Markmiðum sínum hyggst skólinn meðal annars ná með því:

- Að annast kennslu í hljóðfæraleik og söng ásamt kennslu í öðrum tónlistargreinum eftir því sem aðstæður leyfa.
- Að búa nemendum fjölbreytt skilyrði til að þroska tónlistarhæfileika sína og sköpunargáfu.
- Að leggja áherslu á félagslegt gildi tónlistariðkunar með þátttöku nemenda í samleik, kór- og hljómsveitarstarfi.
- Að búa nemendur undir áframhaldandi nám í tónlist.
- Að gera fullorðnum kleift að auðga tómstundir sínar með tónlistariðkun, eftir því sem kostur er.
- Að styðja kennara skólans til tónleikahalds í formi aðstöðu í húsnæði í eigu sveitarfélagsins.

4. gr.

Fræðsluráð Húnaþings vestra hefur eftirlit með málefnum skólans í umboði sveitarstjórnar og starfar eftir samþykktu erindisbréfi ráðsins. Þegar fjallað er um málefni tónlistarskóla á fundum fræðsluráðs, situr skólastjóri tónlistarskólans eða staðgengill hans fundi fræðsluráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

5. gr.

Sveitarstjórn ræður skólastjóra Tónlistarskóla Húnaþings vestra. Skólastjóri annast ráðningu annarra starfsmanna í samráði við sviðsstjóra fjölskyldusviðs. Við ráðningu skal þess ávallt gætt að

sveitarstjórn hafi samþykkt stöðuheimildir. Leitast skal við að ráða tónlistarkennara með fullkennsluréttindi.

6. gr.

Skólastjóri fer með daglega stjórnun skólans og hefur forystu um að móta listræna og faglega stefnu skólans. Hann ber ábyrgð á að skólastarfið sé í samræmi við reglugerð þessa, námskrár og reglur sem í gildi eru um tónlistarskóla í landinu á hverjum tíma. Skólastjóri skal sjá um daglega umsjón með húsnæði tónlistarskólans hvað varðar notkun, þrif o.fl.

Skólastjóri skal ganga frá vinnuskýrslum starfsmanna, samþykkja þær og koma tímanlega til launafulltrúa Húnaþings vestra, árita reikninga til greiðslu og annast skráningu nemenda. Skólastjóri kemur fram fyrir hönd skólans gagnvart starfsmönnum, nemendum og foreldrum þeirra svo og aðilum utan skólans. Næsti yfirmaður skólastjóra er sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

7. gr.

Skólastjóri skal gera áætlun um kennslustundafjölda og kennslutilhöggun næsta skólaárs og leggja fyrir fræðsluráð til kynningar. Skal áætlun þessi taka mið af þeim stöðuheimildum sem skólinn hefur.

8. gr.

Kennarafundur er skólastjórnendum til ráðneytis um starf skólans. Kennarafundi skal halda eftir því sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en fjórum sinnum á hverju skólaári.

Skólastjóri boðar til kennarafunda með dagskrá og skulu fundir færðir til bókar. Skylt er öllum fastráðnum kennurum skólans að sækja kennarafundi. Skylt er stundakennurum að sækja kennarafund ef skólastjóri æskir þess, enda sé boðað til fundarins með a.m.k. þriggja daga fyrirvara.

Skylt er að halda kennarafundi ef minnst ¼ hluti fastráðinna kennara æskir þess.

9. gr.

Árlegur starfstími skólans skal vera innan tímabilsins 20. ágúst til 5. júní og skal starfstíminn aðlagður starfstíma grunnskólans eftir því sem við verður komið. Skólaárinu er skipt í tvær annir. Leyfi yfir starfstímann, viðverutími starfsmanna og vinnuskylda fer eftir gildandi kjarasamningi.

10. gr.

Skólastjóri setur skólanum starfsreglur sem kveða á um réttindi og skyldur nemenda, próf,-tímasókn, tónleikahald, umgengni o.fl. Reglurnar skulu gerðar í samráði við aðra starfsmenn skólans.

11. gr.

Í desember ár hvert skal sveitarstjórn hafa gert skólanum fjárhagsáætlun fyrir komandi almanaksár. Sveitarstjórn ákveður skólagjöld að fengnum tillögum skólastjóra. Skólagjöld skulu greidd fyrri hluta hverrar annar og annast skrifstofa Húnaþings vestra innheimtu þeirra.

12. gr.

Styrkir þeir sem fræðsluráð sækir um eða skólanum áskotnast frá öðrum aðilum skulu renna til kaupa eða endurnýjunar á hljóðfærum enda sé að því stefnt að skólinn eignist val hljóðfæra sem leigð verði nemendum til náms gegn vægu gjaldi.

13. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð fyrir Tónlistarskóla Húnaþings vestra frá 6. september 2012, sbr. auglýsingu nr. 1297/2012.

Samþykkt á 331. fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra þann 8. október 2020.